

## MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

# NÍÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM HRINGVEG SMYRLABJARGAÁ – STAÐARÁ, SUÐURSVEIT

### 1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar framkvæmd á Hringvegi, frá Smyrlabjargaá að Staðará í Suðursveit í Austur Skaftafellssýslu, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdaraðili:** Vegagerðin.

**Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:** Nýr 11,7 km langur vegur frá Smyrlabjargaá að Staðará ásamt nýjum tvíbreiðum brúm yfir Smyrlabjargaá og Staðará og stálræsi í Uppsalaá. Lagning nýrra heimreiða að Smyrlabjörgum, 0,8 km og Sunnuhlíð um 1 km.

**Markmið framkvæmdar:** Að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð.

**Frumathugun:** Þann 25. febrúar 1999 tilkynnti Verkfræðipjónustan ehf., f.h. Vegagerðarinnar, framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 10. mars 1999 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og 11. mars 1999 í Eystrahorni. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 10. mars til 14. apríl 1999 á bæjarskrifstofum Hornafjarðar, á Hrollaugsstöðum í Suðursveit, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Þrjár athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar bæjarstjórnar Hornafjarðar, Náttúruverndar ríkisins, Rafmagnsveitna ríkisins, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands. Framkvæmdin var auk þess kynnt Hollustuvernd ríkisins, Landssímanum og Náttúrufræðistofnun Íslands.

**Gögn lögð fram við frumathugun:**

**Frummatsskýrsla:** Hringvegur, Smyrlabjargaá – Staðará. Mat á umhverfisáhrifum, frummatsskýrsla. Verkfræðipjónustan ehf., febrúar 1999.

**Önnur gögn:** Svör framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemdum, dags. 27. apríl 1999.

## 2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **Hornafjarðar** með bréfi, dags. 1. mars 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 18. mars 1999. Þar segir að bæjarráð hafi tekið málið til afgreiðslu á fundi 10. mars s.l. og ekki hafi verið gerðar athugasemdir við framkvæmdina.

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi, dags. 1. mars 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 29. mars 1999. Þar segir m.a.:

„ *Veglína*

*Að mati Náttúruverndar ríkisins ætti að hafa það að leiðarljósi við vegabætur í landinu að nýta núverandi vegi sem frekast er kostur svo að landsspjöll séu sem minnst.*

*Samkvæmt tillögu frummatsskýrslu liggur nýr vegur milli Smyrlabjargaár og Tröllaskarða um land „sem er að miklum hluta nærri ósnortið gróið land og að hluta til votlent“. Þetta óspillta gróðurlendi sem fer undir nýjan veg er alls um 4,6 km. Það svæði sem um er að ræða er mýrlendi, gróið flatlendi, lítt grónir áraurar, móar sem eru að hluta nokkuð blautir, hraunholt, mýrlend klettasund og leirur. Þetta eru náttúruleg landssvæði sem eru verðmæti sem slík og vert að halda sjónrænni röskun á slíkum svæðum í lágmarki. Til þess að hið óspillta yfirbragð haldist er mikilvægt að við vegagerð og vegabætur sé forðast eftir megni að raska slíkum svæðum. Vegna þessa telur Náttúruvernd ríkisins nauðsynlegt að gerð sé betur grein fyrir þeim valkosti í frummatsskýrslu að bæta núverandi veg.*

*Náttúruvernd ríkisins telur jafnframt að fjalla hefði átt nánar um fleiri valkosti eins og t.d. að fara með veginn ofan tjarnar í Rotum. Því er haldið fram í frummatsskýrslu að „veglínan hefði þá farið gegnum meira votlendi, sem hefði reynst dýrari kostur og neikvæð áhrif á lífríkið hefði orðið meiri en á nýrri leið“. Á sama hátt eru aðrir valkostir (svo sem leið neðan við Vagnsstaði, norðan og sunnan við Fífu-tjörn) afgreiddir. Náttúruvernd ríkisins vill gjarnan sjá gögn sem styðja slíkar fullyrðingar svo að stofnunin geti sjálf lagt mat á hvort þetta séu raunhæfir valkostir eða ei.*

*Samkvæmt frummatsskýrslu „ættu“ smátjarnir norðan við fyrirhugaðan veg ekki að raskast við nýbyggingu vegar. Náttúruvernd ríkisins telur að slíkt þurfi að tryggja til þess að náttúrufari sé ekki raskað að óþörfu.*

*Í frummatsskýrslu kemur fram að á núverandi vegi sé mikil slysatíðni. Sú fullyrðing er ekki studd með tölulegum upplýsingum. Náttúruvernd ríkisins telur að æskilegt hefði verið að fá rökstuðning fyrir þeirri fullyrðingu að slysatíðni muni lækka með tilkomu nýs vegastæðis.*

*Náttúruvernd ríkisins telur að framkvæmdaraðila beri að gera grein fyrir hvað skuli gert við núverandi veg milli Smyrlabjargaár og Tröllaskarða. Stofnunin telur að fjarlægja skuli eins og frekast er kostur núverandi veg sem ekki nýtist nýrri veglínu.*

*Í frummatsskýrslu er bent á það sem mótvægisáðgerð að bæta merkingar Jökla-vegar á leið að ferðamannastöðum á Skálafellsjökli. Náttúruvernd ríkisins bendir á að samkvæmt 24. grein laga um náttúruvernd, nr. 93/1996 er óheimilt að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Nauðsynlegt er*

fylgt verði reglum um umferðarmerki við þjóðvegi verði ofangreindar merkingar bættar.

Í frummatsskýrslu kemur fram að nýju brýrnar á Smyrlabjargaá og Staðará verði byggðar nánast á sama stað og núverandi brýr. Tryggja þarf að gömlu brýrnar verði fjarlægðar.

*Efnisnám og breytingar á farvegi Smyrlabjargaár*

[...]Náttúruvernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við fyrirhugað efnisnám úr eyrum Kolgrímu og Staðarár sem og úr aurkeilu við Brunnavelli með því skilyrði að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins á Austurlandi um efnistöku, þ.m.t. afmörkun og frágang svæðanna.

Efnistökusvæðið á eyrum Smyrlabjargaár er ekki á virku rofsvæði en samkvæmt frummatsskýrslu er fyrirhugað að veita Smyrlabjargaá í gamlan farveg í gegnum námusvæðið að lokinni efnistöku í tengslum við breytingar á vegi. Ekki virðast vera aðrar ástæður fyrir þeirri farvegabreytingu samkvæmt frummatsskýrslu. Náttúruvernd ríkisins telur að forðast eigi að taka efni úr áreyrum Smyrlabjargaár. Þar hefur lítið efni verið tekið áður og eyrnar grónari en á öðrum efnistökestöðum. Efnistakan er auk þess ekki á virku rofsvæði árinna og myndi því seint jafna sig nema að gripið yrði til einhverra sértækra aðgerða. Ef þessu svæði væri hlíft væri að því er best verður séð ekki nauðsyn á að breyta farvegi Smyrlabjargaár og veita henni yfir í námasvæðið. Auk þess yrði kríuvarpi á fyrirhuguðu námusvæði hlíft við raski, sbr. fylgiskjal 3-1.

*Gróðurfar og dýralíf*

Við úttekt á gróðurfari telur Náttúruvernd ríkisins að ekki hafi verið nógu faglega að verki staðið.

[...]Með frummatsskýrslu vantar auk þess gróðurfarskort og því fæst ekki yfirlit um gróðurlendi, áhrif framkvæmdanna á þau eða raunhæfur samanburður við aðra valkosti. Þá er nauðsynlegt að gera grein fyrir gildi svæðisins, bæði staðbundið og á landsvísu.

Það sama má segja um rannsóknir á fuglalífi og öðru dýralífi. [...]

Í frummatsskýrslu kemur fram að leitað verður eftir aðstoð sérfræðinga við val á fræi til sáningar. Náttúruvernd ríkisins telur ánægjulegt að fyrirhugað er að leita til sérfræðinga varðandi val á fræjum til sáningar enda mikilvægt að tekið sé mið af grenndargróðri og aðstæðum við slíkt val.

Náttúruvernd ríkisins telur að ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á gróður og dýralíf í frummatsskýrslunni.

Með hliðsjón af ofansögðu telur Náttúruvernd ríkisins að ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í frummatsskýrslu.“

Leitað var umsagnar **Rafmagnsveitna ríkisins** með bréfi, dags. 8. mars 1999. Umsögn barst ekki.

Leitað var umsagnar **veiðimálastjóra** með bréfi, dags. 1. mars 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 11. mars 1999. Þar segir m.a.:

*„Varðandi þessa framkvæmd vill undirritaður benda á ábendingar til hönnunaraðila í bréfi dagsettu 30. júlí 1998 varðandi gott fiskgengi um allar brýr og ræsi á þessum vegarkafli.*

*Í frummatsskýrslu kemur fram að gerðar verði einhverjar breytingar á farvegi Smyrlabjargaár í tengslum við brúargerð og vill þá undirritaður leggja áherslu á að frágangur á árfarveginum verði sem náttúrulegastur og að framkvæmdaaðili forðist að leiða hana í beinum skurði.“*

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi, dags. 1. mars 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 14. apríl 1999. Þar segir m.a.:

*„Björn Arnarson, starfsmaður Sýslusafns Austur-Skaftafellssýslu, kannaði fornleifar í námunda við fyrirhugað vegarstæði. Í vettvangskönnun hans fundust 12 mannvistarminjar í eða við veglínuna.*

*Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur, var fenginn til að kanna tvo staði nánar, rúst 1 í landi Borgarhafnar og rúst 6 í landi Hestgerðis. Rúst 1 reyndist ekki bera merki mannvistar. Rúst 6 er utan framkvæmdasvæðis en mjög nálægt því, af þeim sökum verður að gæta ýtrustu varkárni við framkvæmdir í grennd við hana.*

*Rúst 4 telst ekki fornleifar þar sem hún er yngri en 100 ára. Engu að síður verður að telja menningarsögulegt gildi hennar umtalsvert og nauðsynlegt að henni verði hlíft. Samráð skal haft við fornleifadeild Þjóðminjasafns um aðgerðir. Rústir 2, 3 og 5 eru allar 20 m eða lengra frá framkvæmdasvæði og teljast því ekki í hættu.*

*Hvað varðar rústir 7, 9, 10 og 12 (túngarðar), eru ekki forsendur til að meta hvort þær eru sögu- eða fornminjar út frá úttekt Björns enda getur hann hvergi um heimildir. Bæjanna á úttektarsvæðinu er allra getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín og kunna garðarnir því að vera eldri en 100 ára. Ef svo er teljast þeir til fornleifa skv. lögum og samþykkt fornleifanefndar þarf þá til að hrófla við þeim.*

*Rústir 8 og 11 teljast til fornleifa. Ekki kemur nægilega skýrt fram í frummatsskýrslu hvort rúst 8 sé í hættu. Nauðsynlegt er að fornleifafræðingur verði kallaður til eftirlits með góðum fyrirvara áður en framkvæmdir hefjast til að meta aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að varna spjöllum.*

*Rúst 11 er utan fyrirhugaðs vegarstæðis. Vegurinn liggur þó milli naustsins og sjávar og rýfur þannig tengsl rústarinnar við eðlilegt umhverfi hennar. Þetta er óheppilegt, en verður þó við að una.*

*Niðurstæða*

*Sá þáttur frummatsskýrslunnar er lýtur að menningarminjum er að ýmsu leyti ófullkominn og stenst ekki þær kröfur sem að jafnaði eru gerðar til mats á umhverfisáhrifum. Í reglugerð um þjóðminjavörslu er gerð krafa um að fornleifaskráning sé gerð undir stjórn fornleifafræðings og þar er skilgreint hvernig fornleifaskráning skuli gerð. Að jafnaði er ætlast til þess að fornleifaskráning fari fram við gerð umhverfismats undir stjórn fornleifafræðings.*

*Þrátt fyrir þessa annmarka samþykkir Þjóðminjasafn Íslands fyrir sitt leyti þá þætti*

*frummatsskýrslunnar sem lúta að menningarminjum með þeim skilyrðum sem fram koma hér að ofan. Einnig verði eftirlit fornleifafræðings með framkvæmdinni kostað af framkvæmdaaðila.*

*Umsögn Þjóðminjasafns breytir í engu, að leyfi fornleifanefndar þarf til að heimilt sé að raska við fornleifunum eða spilla á nokkurn hátt. Finnist áður ókunnar fornleifar ber að gera Þjóðminjasafninu viðvart svo fljótt sem unnt er og stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum sbr. 20. gr. þjml. nr. 88/1989. “*

### 3. ATHUGASEMDIR

Athugasemd barst frá **Jóni Gíslasyni, Ingimar Bjarnasyni og Þórbergi Bjarnasyni**, landeigendum að Uppsölum, dags. 28. mars 1999.

Þar kemur fram að fyrirhuguð lega heimreiðar að Sunnuhlíð rýri og spilli landspildunni sem hún fer um og þar með verðgildi jarðarinnar. Benda þeir á að heppilegra sé að fara austan við svonefnt Svartagil. Einnig benda þeir á að framkvæmdin eyðileggi bátalægi við Stekkalæk sem þeir telji vera bótaskyld.

Athugasemd barst frá **Birni Í. Bjarnasyni**, ábúanda jarðarinnar Hestgerði, dags. 6. mars (sic) 1999.

Hann leggur til að vegurinn verði færður nær Hestgerðislóni á milli stöðva 8.500 og 9.000. Raflínu þurfi hvort sem er að færa. Þá bendir hann einnig á að ekki er tekið á reiðvegamállum meðfram fyrirhuguðum vegi.

Athugasemd barst, frá **Sigurbirni J. Karlssyni og Laufey Helgadóttur**, landeigendum Smyrlabjörgum, dags. 7. apríl 1999.

Þar kemur fram að leyfi þeirra til efnistöku úr áreyrum Smyrlabjargaár hafi ekki verið veitt. Landeigendum Smyrlabjarga I hafi ekki verið kynntar áætlanir, né landeigendum að Skálafelli II þó hugsanlegar námur séu í þeirra landi. Þau telja sig ekki njóta góðs af vegi á nýjum stað þar sem heimreið lengist um 800 m og það muni einnig koma sér illa fyrir ferðaþjónustu sem hafi verið byggð upp á bænum. Gert sé ráð fyrir að núverandi vegur verði einnig opinn fyrir umferð en ekki komi til mála að leggja land undir tvo vegi í landareigninni og skv. frummatsskýrslu skili nýbygging ekki arði miðað við endurbætur á núverandi vegi. Hafna þau áformum um nýtt vegstæði í sínu landi og mæla með að núverandi vegur verði lagfærður og uppbyggður á svipuðum stað þar sem það hefði minnst umhverfisspjöll í för með sér.

## 4. UMHVERFISÁHRIF HRINGVEGAR MILLI SMYRLABJARGAÁR OG STAÐARÁR, SUÐURSVEIT

### 4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í frummatsskýrslu er kynnt lagning Hringveggar milli Smyrlabjargaár og Staðarár í Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu. Fyrirhugað er að byggja nýjan 11,7 km langan veg, ásamt nýjum tvíbreiðum brúm yfir Smyrlabjargaá og Staðará og stálræsi í Uppsalaá. Þá er fyrirhugað að leggja nýja 0,8 km langa heimreið að Smyrlabjörgum og um 1 km langa heimreið að Sunnuhlíð. Framkvæmdinni er skipt í tvo áfanga. Fyrri áfangi nær frá Staðará að Tröllaskörðum og er 6,2 km langur og seinni áfangi nær frá Tröllaskörðum að Smyrlabjargaá og er 5,5 km langur. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist við fyrri áfangann vorið 1999 og seinni áfangann árið 2001. Vegurinn verður lagður bundnu slitlagi.

#### 4.1.1 Lega vegar

Samkvæmt frummatsskýrslu er núverandi vegur milli Staðarár og Vagnsstaða með kröppum og stuttum beygjum, stuttum brekkum og sjónlengd niður í 100 m. Þar verður að mestu lagður nýr vegur um 50-100 m sunnan núverandi vegar. Austan Vagnsstaða verður núverandi vegi fylgt að mestu að Tröllaskörðum en þó verður sveigt nær bakka Hestgerðislóns á rúmlega 1 km kafla á móts við Hestgerði. Ný tvíbreið brú verður byggð yfir Staðará nánast á sama stað og núverandi brú með virkt vatnsop af svipaðri stærð og hefur því engin áhrif á vatnafar.

Austan Tröllaskarða að Smyrlabjargaá liggur núverandi vegur uppi á hamrabelti í 10-40 m hæð yfir sjó, hann er hæðóttur, með kröppum beygjum og einbreiðum brúm yfir Smyrlabjargaá og Uppsalaá. Fyrirhugað er að leggja nýjan veg allt að 700 m sunnan núverandi vegar eftir sléttlendi á bökkum Hestgerðislóns. Vegurinn verður að hluta til í jaðri votlendis og fer yfir óspillt gróðurlendi á um 3,8 km kafla. Vegurinn verður lagður sem malarpúði ofan á landið, nánast engar skeringar eða skurðir verða meðfram honum. Ný tvíbreið brú verður byggð yfir Smyrlabjargaá nánast á sama stað og núverandi brú með virkt vatnsop af svipaðri stærð og hefur því engin áhrif á vatnafar. Í Uppsalaá verða sett tvö stálrörsræsi um 3 m í þvermál.

#### 4.1.2 Efnistaka

Samkvæmt frummatsskýrslu er heildar efnispörf áætluð um 260.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að efni verði tekið úr skeringum og á fjórum námusvæðum. Úr skeringum koma um 40.000 m<sup>3</sup>.

Náma við Brunnavelli er í aurkeilu um 200 m innan við bæinn og hefur efni verið tekið þar áður. Teknir verða um 20.000 m<sup>3</sup> af um 15.000 m<sup>2</sup> svæði í um 1,5 m þykku lagi. Efnið er fínefnarík mól með stærstu steinum um 50 cm í þvermál. Hlaup eru nokkuð algeng yfir aurkeiluna og námusvæðið mun því væntanlega jafna sig með tímanum.

Náma við Staðará er beggja megin vegar í og við farveg árinna og hefur efni verið tekið þar áður. Áætlað er að taka um 85.000 m<sup>3</sup> á um 100.000 m<sup>2</sup> svæði og er efnið

fínmöl með stærstu steinum um 20 cm í þvermál. Náman verður grófjöfnuð en hún er á virku rofsvæði og mun svæðið því jafna sig með tímanum.

Náma við Smyrlabjargaá er í áreyrunum um 300 m neðan vegar og hefur lítilllega verið tekið af efni þar áður. Gert er ráð fyrir að leggja slóð að námunni frá nýjum vegi. Teknir verða um 40.000 m<sup>3</sup> í um 1 m þykku lagi af um 50.000 m<sup>2</sup> svæði. Efnið er fín mól með stærstu steinum um 10 cm í þvermál. Svæðið verður jafnað og ánni veitt í gegnum það að efnistöku lokinni.

Námur við Kolgrímu eru 3-400 m neðan vegar, framan við varnargarða vestan ár og hefur efni verið tekið þar áður. Teknir verða um 80.000 m<sup>3</sup> á tveimur svæðum í um 1 m þykku lagi af 35-40.000 m<sup>2</sup> svæði á hvorum stað. Efnið er hrein mól með stærstu steinum um 30 cm í þvermál. Svæðið verður jafnað og afvatnað að efnistöku lokinni.

Mesta efni úr skeringum kemur á vegkaflanum milli Tröllaskarða og Staðarár.

#### 4.1.3 Aðrir kostir

Samkvæmt frummatsskýrslu voru bornir saman kostir við báða framkvæmdaáfanga á undirbúningstíma.

Neðan Vagnsstaða var skoðuð um 250 m styttri leið en valkostur Vegagerðarinnar. Vegtæknilega þótti hún besti kosturinn en hún liggur nærri mannvistarminjum og um votlendi, leirur og yfir Skarðahraunstjörn. Á svæðinu er fjölskrúðugt fuglalíf. Leiðin er talin dýrari kostur vegna votlendis og hætta er á ójöfnu vegyfirborði vegna sigs.

Sunnan Fífutjarnar var könnuð leið sem lendir að hluta í tjörninni og spillir umhverfi meira en valkostur Vegagerðarinnar en er vegtæknilega sambærileg við leið neðan Vagnsstaða.

Leið norðan Fífutjarnar fer að hluta yfir ræktað land, votlenda móa og ofar yfir Staðará og nýtis þá ekki fullgerður vegur með bundnu slitlagi á 300 m kafla vestan hennar. Leiðin er talin vegtæknilega sambærileg við leið neðan Vagnsstaða.

Hjá Hestgerði var áformað að leggja veginn fjær ströndinni en nú er, en vegna fornleifa og andstöðu landeiganda var veglínan færð nær ströndinni.

Á seinni framkvæmdaráfanga, milli Tröllaskarða og Smyrlabjargaár, var könnuð leið ofan tjarnarinnar í Rotum. Hún liggur um meira votlendi, áhrif á lífríki eru meiri og hún er dýrari en valkostur Vegagerðarinnar, en heimreið að Smyrlabjörgum styttest um helming. Þá var skoðaður sá kostur að endurbyggja núverandi veg. Samkvæmt frummatsskýrslu er það ekki talin verða framtíðarlausn þar sem hönnunarhraði verður um 80 km/klst og vetrarfærð verri en á nýrri leið vegna hálku í brekkum. Kostnaður við veg og brýr er áætlaður um 110 m.kr á nýrri leið en 50 m.kr á núverandi vegi. Kemur fram að nýbygging vegar á milli Tröllaskarða og Smyrlabjargaár skilar ekki arðsemi miðað við endurbætur á núverandi vegi vegna einungis 30 m styttingar, takmarkaðrar umferðar og lítillar slysatíðni á þeim hluta leiðarinnar. Munur á hæðar- og planlegu vegar réttlæti fyrst og fremst val á veglínu.

## 4.2 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

Samkvæmt frummatsskýrslu eykst öryggi vegfarenda með nýjum vegi þar sem hættulegar blindhæðir og beygjur verða úr sögunni. Smyrlabjörg, Uppsaliir og Sunnuhlíð munu liggja fjær veginum og þarf að leggja þangað nýjar heimreiðar.

Vegna tenginga við býli, Jöklaveg og tún við Stóra-Hvamm verður núverandi vegur látinn halda sér á milli Smyrlabjargaár og Tröllaskarða. Endurbýgging vegarins er samgöngubót fyrir vegfarendur um Austurland og íbúa í Örafum og Suðursveit er sækja þjónustu til Hafnar.

#### 4.2.1 Hættur

Samkvæmt frummatsskýrslu er núverandi vegur með mikla slysatíðni, á honum eru hættulegar beygjur, brekkur og skert vegsýn. Nýr vegur verður með mun betri legu sem eykur umferðaröryggi.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að æskilegt hefði verið að fá rökstuðning fyrir fullyrðingu um að slysatíðni muni lækka með tilkomu nýs vegar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að slysatíðni sé mikil á veginum milli Kálfafellsstaðar og Smyrlabjarga eða 1,33 á móti 1,03 fyrir landið allt, 0,82 á Austurlandi og 0,35 milli Hólms og Smyrlabjarga. Í tölum um skráð slys árin 1989-1996 á veginum milli Kálfafellsstaðar og Smyrlabjarga kemur fram að af 7 slysum var 1 á kaflanum milli Tröllaskarða og Smyrlabjargaár, það er við einbreiðu brúna á Smyrlabjargaá. Í matsskýrslu komi fram að endurbýgging vegarins neðan Smyrlabjarga sé ekki góður kostur þar sem hönnunarhraði verði um 80 km/klst í stað 90 km/klst. Hann muni einnig verða hættulegri vegna góðra aðliggjandi vegkafla sem geti leitt til aukins umferðarhraða á honum.

#### 4.2.2 Heimreiðar

Vegna færslu vegar á milli Tröllaskarða og Smyrlabjargaár lengist leið frá Sunnuhlíð, Uppsölum og Smyrlabjörgum út á Hringveg. Leggja verður nýjar heimreiðar að Sunnuhlíð og Smyrlabjörgum.

Landeigendur að Uppsölum telja legu fyrirhugaðrar heimreiðar að Sunnuhlíð rýra land sitt sem hún fer um og þar með verðgildi jarðarinnar og benda á aðra leið austan svonefnds Svartagils þar sem er vegslóð hluta leiðarinnar. Þeir minna einnig á hugsanlega bótaskyldu vegna bátalægis sem eyðileggst vegna vegagerðar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að leiðin austan Svartagils sé nokkuð brött og liggi um klapparholt sem yrði raskað. Geir Bjarnason, ábúandi og landeigandi í Sunnuhlíð, telji leiðina ófæra. Á undirbúningstíma framkvæmdarinnar hafi Vegagerðin lagt til að núverandi vegur yrði heimreið að Sunnuhlíð frá nýrri heimreið að Smyrlabjörgum en landeigandi hafi lagst gegn því vegna snjósöfnunar og engrar vetrarþjónustu. Varðandi bátalægið mun Vegagerðin bæta tjón sem af framkvæmdinni hlýst.

Sigurbjörn J. Karlsson og Laufey Helgadóttir benda á að landeigendum Smyrlabjarga I hafi ekki verið kynnt fyrirhuguð framkvæmd. Fjarlægð Smyrlabjarga frá þjóðvegi muni aukast um 800 m og það komi sér mjög illa fyrir ferðþjónustu á bænum. Ekki er fallist á að núverandi vegur verði áfram notaður sem tenging við Jöklaveg og að þannig verði tvöfalt land lagt undir vegakerfi á jörðinni. Bent er á að nýbygging vegar skili ekki arðsemi miðað við endurbætur á núverandi leið. Er áformum um nýtt vegstæði hafnað og mælt með endurbýggingu núverandi vegar á svipuðum stað þar sem það hefði í för með sér minnst umhverfisspjöll.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að nýr vegur muni liggja um jafnara land sem auðveldi vetrarsamgöngur. Núverandi veg verði hægt að nota áfram og því hægt að fara óbreytta leið. Landeigendur hafi hafnað því að núverandi vegur verði notaður



sem tenging við Smyrlabjörg og niðurstaðan hafi orðið sú að leggja nýja heimreið. Landeigendur á Smyrlabjörgum I eru sammála öðrum landeigendum á Smyrlabjörgum og vilja að núverandi vegur verði endurbættur.

#### 4.2.3 Umferðarhávaði

Samkvæmt frummatsskýrslu verður vegurinn beinni og lagður bundnu slitlagi. Við það mun umferðarhraði aukast en einnig draga úr skrölti frá ökutækjum. Hjá Hestgerði færast vegur um 20 m frá íbúðarhúsi og verður hávaði frá umferð undir viðmiðunarmörkum mengunarvarnareglugerðar. Mjög dregur úr umferðarhávaða við Smyrlabjörg og Sunnuhlíð ef vegurinn verður byggður samkvæmt tillögu Vegagerðarinnar.

Björn Ísleifsson gerir tillögu um að færa veginn enn fjær Hestgerði og telur það hægt miðað við beygjuradíus á aðliggjandi vegkafla.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að breytingin hefði í för með sér að byggja þarf nýjan veg á lengri kafla með meiri fyllingum, m.a. út í Hestgerðislón, sem valdi meiri röskun og sé dýrara en hafi mjög takmarkaðan ávinning í för með sér.

#### 4.2.4 Aflagðir vegkaflar og reiðleiðir

Samkvæmt frummatsskýrslu verður núverandi vegur milli Smyrlabjargaár og Tröllaskarða látinn halda sér. Aflagðir vegkaflar við Hestgerði og vestan Vagnsstaða að Fífutjörn verða jafnaðir út og svæðið grætt upp.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að gera þurfi grein fyrir hvað gera á við núverandi veg og að það beri að fjarlægja hann eins og kostur er þar sem hann nýtist ekki nýrri veglínu. Þá þurfi að tryggja að gömlu brýnnar á Smyrlabjargaá og Staðará verði fjarlægðar. Ábúandi í Hestgerði bendir á að ekki sé tekið á reiðvegamállum meðfram veginum.

Í svari framkvæmdaraðila er ítrekað að núverandi vegur milli Smyrlabjargaár og Tröllaskarða verður notaður sem hjáleid milli bæja og túna. Hann verður ásamt gömlum vegi ofan Tröllaskarða einnig nýttur sem reiðleið og á öðrum köflum leiðarinnar verði haft samráð við heimamenn um reiðleið. Brýr verða fjarlægðar og ummerki eftir þær.

#### 4.2.5 Raflínur og ljósleiðari

Samkvæmt frummatsskýrslu þarf að færa ljósleiðara og rafstrengi [háspennulínu] við Hestgerði. Samráð verður haft við RARIK og Landssímamann við endurlagningu þeirra.

### 4.3 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Samkvæmt skrásetningu Sýslusafns Austur Skaftafellssýslu<sup>1</sup> eru um 12 mannvistarminjar í eða við veglínuna. Samkvæmt könnun Fornleifafræði-stofunnar<sup>2</sup> eru mannvistarleifar við Hestgerði en engar leifar mannlegra athafna fundust í prufuholu í Borgarhafnarlandi. Samkvæmt frummatsskýrslu mun ný veglína liggja yfir minjar 10 og 12 sem eru lágir garðar, sennilega framræslugarðar, en engar aðrar

<sup>1</sup> Fylgiskjal 3.2 með frummatsskýrslu

<sup>2</sup> Fylgiskjal 3-4 með frummatsskýrslu

minjar verði í hættu. Minjar verða girtar af á framkvæmdatímanum og í útboðsgögnum verða þær tilgreindar og verktaka skylt að gæta ýtrustu varkárni á þeim svæðum.

Í umsögn Þjóðminjasafn Íslands kemur fram að umfjöllun um menningarminjar standist ekki þær kröfur sem að jafnaði eru gerðar. Fallist er á framkvæmdina verði gætt ýtrustu varkárni í grennd við rúst 6, rúst 4 verði hlíft og skal haft samráð við fornleifadeild Þjóðminjasafns um þær aðgerðir. Rústir 2, 3 og 5 eru ekki í hættu. Kanna þarf nánar hvort rústir 7, 9, 10 og 12 teljast fornleifar og ef svo er þarf leyfi fornleifanefndar til að hrófla við þeim. Ekki er ljóst hvort rúst 8 er í hættu og þarf að fá mat fornleifafræðings á nauðsynlegum aðgerðum til varnar spjöllum áður en framkvæmdir hefjast.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áformað er að minjavörður Austurlands ásamt fornleifafræðingi verði að störfum í vor og sumar á svæðinu. Samráð verði haft við þessa aðila um skoðun, umgengni og frágang á rústum 4, 6, 7, 8, 9, 10 og 12. Vegur færast fjær rústum 7, 8 og 9, þær verða girtar af meðan á framkvæmd stendur og landi við þær ekki raskað. Framkvæmd milli Tröllaskarða og Smyrlabjargaár er í síðari áfanga og því gefst tími til að skoða túngarða [rústir 10 og 12] og sækja um leyfi vegna þeirra til fornleifanefndar.

## 4.4 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

### 4.4.1 Gróður

Samkvæmt frummatsskýrslu fundust nokkrar tegundir sem eru fremur sjaldgæfar á Suð-Austurlandi. Ekki er talin ástæða til að breyta legunni vegna gróðurfars. Skeringar verða í lágmarki í ósnortið gróið land, gróðurlag notað við frágang og leitað sérfræðiaðstoðar við val á grasfræi til uppgræslu.

Það er mat Náttúruverndar ríkisins að við vegabætur í landinu skuli það haft að leiðarljósi að nýta núverandi vegi sem frekast er kostur svo að landsspjöll verði sem minnst. Stofnunin gerir athugasemdir við úttekt á gróðri á svæðinu og að ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á gróður. Í frummatsskýrsluna vanti gróðurfarskort og þar með yfirlit yfir gróðurlendi, áhrif framkvæmdarinnar á þau og raunhæfan samanburð kosta. Náttúruvernd ríkisins telur að frekari gögn vanti til að stofnunin geti sjálf lagt mat á kosti við leiðaval hjá Fífutjörn, við Vagnsstaði og ofan tjarna við Rot.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gróður hafi verið skoðaður af staðkunnugum og athuganir þeirra ásamt umsögn eftirlitsfulltrúa Náttúruverndar ríkisins hafi ekki gefið vísbindingar um sérstakt náttúrufar. Engin gróðurkort eru til af svæðinu.

### 4.4.2 Dýralíf

Samkvæmt frummatsskýrslu er einhver truflun talin verða á fuglalífi meðan á framkvæmdum stendur, sérstaklega á milli Smyrlabjargaár og Tröllaskarða. Fyrirhugað er að veita Smyrlabjargaá í gegnum námusvæði, að lokinni efnistöku, yfir í gamlan farveg, að höfðu samráði við landeigendur og veiðifélag. Veiðimálastjóri<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Fylgiskjal 4-5 með frummatsskýrslu

bendir á að sennilega gangi bæði urriði og bleikja í Smyrlabjargaá og Staðará en þar sem engar veiðiskýrslur hafi borist verði að telja að veiði sé ekki mikil. Hann gerir ekki athugasemd við framkvæmdina svo framarlega sem þess sé gætt að fiskgengt sé undir allar brýr og gegnum ræsi. Efnistaka hafi lágmarksáhrif á fiskistofna og sé unnin í samráði við landeigendur. Í umsögn sinni um matsskýrsluna leggur hann áherslu á að forðast verði að leiða Smyrlabjargaá í beinum skurði.

Náttúruvernd ríkisins gerir athugasemdir við úttekt á fuglalífi og öðru dýralífi og að ekki sér gerð fullnægjandi grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á það. Einnig er bent á að tryggja þarf að nokkrum litlum tjörnum, móts við Uppsalaháls verði ekki raskað að óþörfu. Stofnunin bendir á að kríuvarp sé á fyrirhuguðu námusvæði á áreyrum Smyrlabjargaár.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að dýralíf hafi verið skoðað af staðkunnugum og athuganir þeirra ásamt umsögn eftirlitsfulltrúa Náttúruverndar ríkisins hafi ekki gefið vísbendingar um sérstakt náttúrufar. Við brúarstæði verði árfarvegir óbreyttir. Hægt er að minnka efnistöku við Smyrlabjargaá og er áætlað að við veitingu árinna geti hún verið um 5-7000 m<sup>3</sup> miðað við að farvegurinn verði 5-7 m breiður og um 1 m á dýpt.

#### 4.5 ÁHRIF Á LANDSLAG OG JARÐMYNDANIR

Samkvæmt frummatsskýrslu verður nokkur sjónræn röskun af veginum milli Smyrlabjargaár og Tröllaskarða þar sem hann fer um ósnortið sléttlendi en fyllingar verða hafðar eins lágar og kostur er og nánast engar skeringar meðfram vegi. Á öðrum hlutum leiðarinnar er sjónræn röskun talin takmörkuð. Milli Hestgerðis og Staðarár hefur veglína verið valin þannig að bergskeringar í aðliggjandi holtum verði þar sem núverandi vegur hefur þegar valdið raski.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að svæðið milli Smyrlabjargaár og Tröllaskarða er náttúrulegt landssvæði þar sem vert sé að halda sjónrænni röskun í lágmarki, til dæmis af völdum vegagerðar. Því sé nauðsynlegt að gera betur grein fyrir þeim kosti að bæta núverandi veg.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi vegur liggur um ójafnara land, verður brattari og með meiri og fleiri beygjur svo ekki sé hægt að bæta hann þannig að hann verði sambærilegur vegi á nýju vegstæði.

Náttúruvernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku úr áreyrum Kolgrímu og Staðarár sem og úr aurkeilu við Brunnavelli með því skilyrði að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar á Austurlandi um efnistöku, þar með talið afmörkun og frágang svæðanna. Náttúruvernd ríkisins bendir á að þar sem námusvæðið á eyrum Smyrlabjargaár er grónara en önnur fyrirhuguð efnistökusvæði og ekki á virku rofsvæði muni það seint jafna sig án sértækra aðgerða.

Sigurbjörn J. Karlsson bendir á að efnistaka úr áreyrum Smyrlabjargaár hafi ekki verið heimiluð. Einnig er bent á að landeigendum Skálafells II hafi ekki verið kynnt framkvæmdin en hugsanlegar námur séu í þeirra landi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í samtali við landeiganda Smyrlabjarga hafi hann lýst sig mótfallinn námu við Smyrlabjargaá nema í tengslum við veitingu árinna. Telur hann að veita þurfi ánni í ákveðinn farveg (stokk) til þess að hún bólgni ekki upp á vörum og skemmi gróður og land. Þá telur hann að tillaga Vegagerðarinnar

geri ráð fyrir að veita ánni of langt niðureftir. Vegagerðin telur að veita megi ánni ofar og nær fyrirhuguðum vegi en gert var ráð fyrir og einnig taka þar minna efni og þá meira við Kolgrímu. Samráð verði haft við landeigendur um veitingu árinna og leitast við að fylgja grafningum í aurunum svo farvegurinn verði sem náttúrulegastur. Þá hefur verið rætt við landeigendur að Skálafelli II sem ekki gera sérstakar athugasemdir við framkvæmdina í heild né við efnistöku við Kolgrímu enda verði samið við þá áður en hún hefst.

## 5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Vegagerðin hefur tilkynnt til frumathugunar framkvæmd á Hringvegi milli Staðará og Smyrlabjargaár í Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu. Fyrirhugað er að byggja nýjan 11,7 km langan veg, ásamt nýjum brúm yfir Smyrlabjargaá og Staðará en ræsi verður sett í Uppsalaá. Þá er fyrirhugað að leggja um 1 km langa nýja heimreið að Sunnuhlíð og 0,8 km langa heimreið að Smyrlabjörgum. Framkvæmdinni er skipt í tvo áfanga. Hinn fyrri nær frá Staðará að Tröllaskörðum og hinn síðari frá Tröllaskörðum að Smyrlabjargaá. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist við fyrri áfangann vorið 1999 og hinn síðari árið 2001. Vegurinn verður lagður bundnu slitlagi.

Þörf er á endurbótum Hringvegjar á milli Staðará og Smyrlabjargaár m.a. til að hægt verði að uppfylla kröfur um umferðaröryggi. Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar lúta einkum að raski á landi, lífríki og fornminjum þar sem nýr vegur víkur frá núverandi vegi.

### Fyrri áfangi: Staðará-Tröllaskörð

Á framkvæmdasvæði fyrri áfanga, á milli Staðará og Tröllaskarða, víkur ný veglína verulega frá núverandi vegi á milli Staðará og Vagnsstaða. Leiðin sem Vegagerðin hefur valið veldur minna raski á votlendi og lífríki en aðrar leiðir sem kannaðar voru neðan Vagnsstaða og sunnan og norðan Fífutjarnar. Fornminjar þar eru ekki í verulegri hættu. Við bæinn Hestgerði eru mikil landþrengsli meðfram Hestgerðislóni þar sem koma þarf veginum sem lengst frá bæjarhúsum, án þess að skerða fornleifar eða fara út í lónið. Tilfærsla samkvæmt tillögu ábúanda í Hestgerði hefur ekki slíkan ávinning að hún sé réttlæt看leg.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins, m.a. með tilliti til umferðaröryggis, að ásættanlegt sé að fara þá leið sem Vegagerðin hefur valið milli Staðará og Tröllaskarða enda verði farið að kröfum Þjóðminjasafns Íslands varðandi rústir nr. 4, 6, 7, 8 og 9 og að fengnu leyfi fornleifanevndar ef þörf krefur. Fyrirhuguð efnistaka er ásættanleg eins og henni er lýst í frummatsskýrslu, enda verði haft samráð við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins á Austurlandi um afmörkun og frágang efnistökusvæða.

Samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf að sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna framkvæmdarinnar. Ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdarsvæðinu. Þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila lögðum fram við frumathugun, umsagna og athugasemda er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrri áfangi fyrirhugaðra framkvæmdar á Hringvegi milli Staðará og Tröllaskarða muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir eða samfélag.

### Síðari áfangi: Tröllaskörð-Smyrlabjargaá

Austan Tröllaskarða að Smyrlabjargaá er fyrirhugað að leggja 5,5 km langan nýjan veg, að hluta til í jaðri votlendis og að mestu yfir óspillt land, auk tveggja nýrra heimreiða sem samtals eru um 1,8 km langar.

Í umsögnum og athugasemdum koma fram ýmis rök fyrir því að réttara sé að endurbyggja núverandi veg heldur en að byggja nýjan veg um 700 m sunnar. Hins

vegar hefur Vegagerðin bent á að endurbygging núverandi vegar sé ekki sambærileg út frá vegtæknilegu sjónarmiði.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins, í ljósi fyrirbyggjandi gagna, að ekki hafi verið gerð nægileg grein fyrir áhrifum lagningar nýs vegar milli Tröllaskarða og Smyrlabjargaár á gróðurfar og fornleifar. Ennfremur eru ekki færð nægileg rök fyrir því að endurbygging núverandi vegar sé ekki ásættanleg út frá vegtæknilegu sjónarmiði. Samanburði þessara leiða er ábótavant. Á fyrirhuguðu nýju vegstæði þarf að gera betri grein fyrir gróðurlendum með því að afmarka votlendi, þurrlendi, áreyrar, ræktað land og ógróið land á grunnmynd. Kanna þarf nánar hvort rústir nr. 10 og 12 teljist fornleifar. Jafnframt verði kannað hvort fornleifar eru nálægt núverandi vegi og ef svo er þarf að taka tillit til þeirra við hönnun breytinga á honum.

Bera þarf saman endurbyggingu núverandi vegar við lagningu nýs vegar með tilliti til kostnaðar, legu, efnisþarfar, skeringa, fyllinga og áhrifa á landslag, gróðurlendi, fornminjar, umferðaröryggi og aðra landnýtingu. Gera þarf nánari grein fyrir umfangi efnistöku við Smyrlabjargaá og fyrirhuguðum breytingum á farvegi hennar með tilliti til lífríkis, að höfðu samráði við veiðimálastjóra. Æskilegt er að gerð sé grein fyrir skerðingu votlendis, þó ekki sé ætlunin að ræsa það fram og hvaða áhrif veglagning hafi á vatnsstöðu votlenda á svæðinu. Æskilegt er að fram komi hvar er fyrirhugað að endurheimta votlendi í stað þess votlendis sem tapast við framkvæmdina.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um síðari áfanga framkvæmdarinnar milli Tröllaskarða og Smyrlabjargaár. Það er niðurstaða skipulagsstjóra ríkisins að fara þurfi fram frekara mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á Hringvegi milli Tröllaskarða og Smyrlabjargaár í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 179/1994 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 8. gr. laga nr. 63/1993

## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Í samræmi við 8. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaradila við tilkynningu ásamt umsögnum og athugasemdum.

Með vísun til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar:

1. Er fallist á fyrri áfanga framkvæmdar á Hringvegi milli **Staðarár og Tröllaskarða** eins og lýst er í framlagðri frummatsskýrslu, með því skilyrði að samráð verði haft við Þjóðminjasafn Íslands vegna fornleifa og með fyrirvara um samþykki fornleifanefndar ef þörf krefur.
2. Skal ráðast í frekara mat á umhverfisáhrifum síðari áfanga framkvæmdar á Hringvegi milli **Tröllaskarða og Smyrlabjargaár**. Þar komi fram: Samanburður á endurbyggingu núverandi vegar milli Tröllaskarða og Smyrlabjargaár við lagningu nýs vegar sem kynntur er í frummatsskýrslu. Gera þarf grein fyrir þessum framkvæmdakostum með tilliti til kostnaðar, legu, efnisþarfar, vegskeringa, vegfyllinga og áhrifa á landslag, gróðurlendi, fornminjar, umferðaröryggi og aðra landnýtingu.

## 7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. júní 1999.

Reykjavík, 5. maí 1999

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir